

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi, miðbær – Hraun, vestur vegna Skólabrautar 3, Lækjarskóli.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. maí 2026 breyting á deiliskipulaginu miðbær – Hraun, vestur vegna Skólabrautar 3.

Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits og aukningu á byggingarmagni úr 2.704 í 2.754 m². Gert er ráð fyrir lyftu á bakhlíð hússins ásamt nýjum flóttastiga.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Vesturbæjar vegna lóðar nr. 3 við Reykjavíkurveg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. maí 2026 breyting á deiliskipulagi Vesturbæjar.

Breytingin felst í því að skilmálum er breytt þannig að heimilt verður að hafa 2 íbúðir í húsinu. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 21. maí 2026.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 22. maí 2026